



HAFNARFJÖRÐUR

# Framkvæmdaáætlun í barnavernd

í Hafnarfirði kjörtímabilið 2018-2022



Hafnarfjörður

2019

**Fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar 2019**

Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður  
Sími 585 5800

Heimasíða: [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

***Framkvæmdaáætlun unnu eftirfarandi:***

Dagbjört Rún Guðmundsdóttir  
Haukur Haraldsson  
Helena Unnarsdóttir  
Hrund Apríl Guðmundsdóttir  
Jóhanna Erla Guðjónsdóttir  
Kristjana Ósk Jónsdóttir

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Þörf fyrir úrræði og stefnumótun.....	4
Verkefni .....	7
Samstarfsleiðir.....	14

# Inngangur

Í 1. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum segir:

*„Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send velferðarráðherra og Barnaverndarstofu.“*


Barnaverndarnefnd, fjölskylduráð og fræðsluráð Hafnarfjarðar vilja stuðla enn frekar að öryggi og velferð barna og skapa fjölskylduvænt samfélag með gerð þessarar áætlunar. Markmið stefnunnar er að ná breiðri samstöðu og samvinnu í bænum og við önnur bæjarfélög varðandi árangursríka barna- og fjölskylduvernd. Lögð er áhersla á að byggja þær aðferðir og þau úrræði sem unnið er eftir í sveitarfélaginu á fræðilegum grunni og sýnt hafa góðan árangur.


Breið samvinna við gerð áætlunarinnar er líklegri til að tryggja árangursríka áætlun. Markmiðið er að fækka alvarlegum barnaverndarmálum og móta leiðir til að hægt sé að bregðast við strax og velferð barna er í hættu. Til að koma til móts við markmiðið er áætlunin verkefnaþing en verkefni eru flest samvinnuverkefni mismunandi stofnana. Áætlunin á líka að taka mið af þeim stefnum sem ráð og nefndir Hafnarfjarðarbæjar hafa sett sér. Framkvæmdaáætlunin á fyrst og fremst að verða leiðarvísir fyrir þá sem starfa að barnaverndar- og forvarnarverkefnum auk þess að vera stefnumarkandi fyrir stjórnendur.

„Börn eiga rétt á vernd og umönnun“ (barnaverndarlög, 2002). Barnavernd felst í því að tryggja börnum þennan rétt og eru barnaverndarlögin nokkuð skýr varðandi hlutverk sveitarfélaga. Erfitt er að skilgreina barnavernd án þess að taka tillit til hagsmuna og spyrja í þágu hverra sé unnið. Það er skýrt markmið barnaverndarlaga að tryggja það að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Ávallt sé leitast við að tala við börn og fá þeirra sjónarmið og upplýsingar um líðan þeirra. Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum er varða þau og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska.

## Pörf fyrir úrræði og stefnumótun

Frá árinu 2010 hefur barnaverndartilkynningum í Hafnarfirði fjölgað jafnt og þétt en þeim fjölgaði verulega fram að árinu 2012 og svo aftur árið 2016 en þá varð um 16% aukning á fjölda tilkynninga. Eftirmála kreppunnar gætti í bæjarfélaginu árið 2012 sem lýsti sér best í aukningu barnaverndartilkynninga og aukinni þyngd hvers máls. Að auki komu málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna með tilheyrandi kerfisbreytingum og breyttu vinnulagi hjá starfsmönnum. Árið 2015 fór af stað samstarfsverkefni sveitarfélagsins og lögreglunnar sem ber heitið „Saman gegn ofbeldi“ og má leiða líkum að því að fjölgun tilkynninga árið 2016 megi m.a. rekja til þess. Þegar skoðaðar eru ástæður tilkynninga sem bárust barnaverndinni í Hafnarfirði á árunum 2015 – 2018 má sjá að flestar tilkynningar bárust vegna vanrækslu barns eða um 450 tilkynningar á árinu 2018 miðað við árið á undan en þá bárust um 340 tilkynningar vegna vanrækslu barns. Má leiða líkum að því að aukið samstarf á milli stofnanna hafi haft áhrif á fjölgun tilkynninga en Brúin fór af stað með tilraunaverkefni sitt um snemmtæka íhlutun árið 2017 í samstarfi við skóla og leikskóla í Hafnarfirði.





#### Fjöldi barna og fjölskylda í könnun eða málsmeðferð

Fjöldi barna í könnun eða málsmeðferð	Þar af ný mál á árinu	Fjöldi fjölskyldna í könnun eða málsmeðferð	Þar af ný mál á árinu
554	226	440	168
582	203	450	151
568	222	417	162
644	236	460	170

Í framkvæmdaáætlun síðasta kjörtímabils var m.a. lögð áhersla á að skapa barnavernd jákvæða ímynd meðal bæjarbúa með vönduðu starfi, fræðslu og upplýsingum, auka úrræði í barnavernd og gera þau aðgengilegri með sameiginlegu átaki barnaverndar, skóla og heilsugæslu og að þróa samstarf barnaverndarstarfsmanna og starfsmanna fjölskyldu- og barnamálasviðs enn frekar.

Leita þarf leiða til þess að gera forvarnir markvissari og þróa þau úrræði sem eru fyrir hendi. Auka þarf þverfaglegt samstarf aðila sem vinna að málefnum barna og unglunga til að tryggja velferð barnsins og árangur úrræða. Álag á starfsfólk eykst og þörf fyrir margs konar árangursrík úrræði verður brýnni. Framkvæmdaáætluninni er m.a. ætlað að vera leiðarljós í þessari þróun. Áhersla er lögð á áframhaldandi forvarnarstarf í barnavernd. Til þess verða meðal annars gerðar sérstakar kröfur til stofnana og félagasamtaka sem koma að málefnum barna og unglunga, s.s. skóla, heilbrigðiskerfis, lögreglu og æskulýðsstarfs. Stuðla skal að góðu samstarfi fagaðila í barnavernd við þá sem vinna með börnum, með því að kynna fyrir þeim tilkynningarskyldu og starfsemi barnaverndar. Ætlast er til þess að bæjarbúar haldi jafnframt áfram að sinna tilkynningarskyldu af samviskusemi. Skoða þarf leiðir til að grípa sem fyrst inn í líf barna sem þarfnast aðstoðar, leysa mál bæði fyrr og nær daglegum vettvangi þeirra. Þannig mætti að öllum líkindum koma í veg fyrir að mál þróuðust á verri veg. Þessi hugsun krefst breiðrar samstöðu í forvörnum og vinnslu mála. Í stað þess að vísa málum áfram og á milli ólíkra stofnana mætti bregðast við og leita lausna strax á stað og stund. Móta þarf ákveðna stefnu,

vinnureglur og verkferla og skýra vel hvar ábyrgð allra hlutaðeigandi liggur, hvort sem um er að ræða foreldra, kennara, félagsráðgjafa eða aðra sérfræðinga.

Í Hafnarfirði er áhersla lögð á að styðja foreldra í hlutverki þeirra og efla samstarf við heimili og fjölskyldur með öllum ráðum. Unnið er samkvæmt aðferðafræði Parent Management Training Oregon, PMTO, sem er vel rannsakað meðferðarúrræði á þessu sviði. Unnið er bæði á vettvangi foreldra og skóla og nær vinnulagið samtímis til fyrsta, annars og þriðja stigs forvarna. Oft er forvörnum skipt upp í þrjú stig eftir eðli þeirra. 1. stig eru forvarnir sem beinast að öllu samfélaginu, sérstaklega þó börnum og unglingum. Þetta eru almennar forvarnir sem eiga að hafa áhrif á þá sem ekki eru byrjaðir að neyta vímuefna eða stunda áhættuhegðun s.s. afbrot. Þessar forvarnir beinast oft að uppeldisaðferðum og viðhorfum í samfélaginu. 2. stigs forvarnir snúa að þeim sem hafa byrjað neyslu eða sýnt áhættuhegðun og miða að því að draga úr líkum á yfirvofandi vanda. 3. stigs forvarnir teljast vera meðferð. Þá er brugðist við neyslu eða áhættuhegðun sem hefur raunveruleg áhrif á líf viðkomandi s.s. með því að fara í áfengis- og vímuefna meðferð.

Hafnarfjörður hefur verið í miklum uppvefni seinustu ár, mikil fólksfjölgun hefur verið í sveitarfélaginu. Bæjarfélagið samanstendur af ólíkum einstaklingum, fjölbreyttum fjölskylduformum, fólki af erlendum uppruna og barnafjölskyldum. Vegna þess hefur álag og eftirspurn eftir hvers kyns meðferðarúrræðum aukist undanfarin ár. Í anda fjölskyldustefnu og skólastefnu bæjarins hafa Hafnfirðingar einsett sér að vinna markvisst að barnaverndarmálum og tryggja þar með öryggi og velferð allra barna í samfélaginu. Megin markmið er að mæta börnum og fjölskyldum þeirra og nýta viðunandi úrræði hverju sinni. Framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum er ein af leiðum Hafnarfjarðarbæjar til að auka skilvirkni og efla samstarf þeirra sem vinna með börnum og barnafjölskyldum. Auk þess að halda áfram góðu og vönduðu barnaverndarstarfi hefur starfshópur um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum í Hafnarfirði ákveðið að hrinda í framkvæmd og skerpa á ákveðnum verkefnum á yfirstandandi kjörtímabili.

# Verkefni

Sérstaklega er horft til eftirtalinna þátta á árunum 2018-2022.

## Skapa barnavernd jákvæða ímynd meðal bæjarbúa með vönduðu starfi, fræðslu og upplýsingum.

Mikilvægt er að efla skilning bæjarbúa á mikilvægi barnaverndar og að öllum verði ljóst hvernig tekið verður á málum þegar þess gerist þörf. Fræðsla um barnavernd og forvarnir verði stöðugt í boði fyrir foreldra og starfsfólk í öllum stofnunum bæjarins og áfram verður unnið að því að efla kynningar á barnavernd í skólum, leikskólum og heilsugæslu, hjá dagforeldrum og íþróttafélögum og hjá þeim sem bjóða uppá skipulagða starfsemi fyrir börn og unglíng. Einnig verður lögð áhersla á fræðslu og kynningar til foreldrafélaga, skóla og leikskóla. Þá verður áfram unnið að því að kynna starfsemi barnaverndar og þau úrræði sem barnavernd og félagsþjónusta hafa upp á að bjóða fyrir lögreglu og um leið verði samstarf við hana eft. Upplýsingar um starfsemi barnaverndar verði gerðar aðgengilegri á vef bæjarins og gerðar sýnilegri fyrir almenningi.

Jákvæðar fréttir úr barnavernd verði reglulega látnar fjölmiðlum í té. Í starfs- og stefnuáætlunum sviða verði skilgreind frekari framkvæmd.

- *Ábyrgðaraðilar:* Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs og deildarstjóri barnaverndar, sviðstjóri mennta- og lýðheilsusviðs, samskiptastjóri og íþrótt- og forvarnafulltrúi
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

## Samstarf lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Hafnarfjarðarbæjar

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Hafnarfjarðarbær standa saman að þróunarverkefni til eins árs sem hófst í byrjun árs 2019. Markmið verkefnisins er að vinna að forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum sem ætlað er að auka velferð barna og unglíng og draga úr áhættuhegðun þeirra. Lögreglan leggur til lögreglumann sem mun hafa aðsetur í ráðhúsi Hafnarfjarðar. Markmið verkefnisins er að sporna gegn því að börn leiðist út í vímuefnaneyslu og aðra afbrot- og áhættuhegðun með snemmtækri íhlutun lögreglu og Hafnarfjarðarbæjar. Áfram verður unnið að því að efla samstarf Hafnarfjarðarbæjar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og vinna að afbrotavörnum. Þverfagleg samvinna verði leiðarljós í starfinu sem stuðlar að auknum lífsgæðum barna og fjölskyldna í sveitarfélaginu.

- *Ábyrgðaraðilar:* Lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu og sviðstjórar fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs.
- *Áætlaður kostnaður:* Lögreglumaður er starfmaður lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og áætlaður kostnaður því hluti af rekstri þeirrar stofnunar.
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Einn lögreglumaður mun sinna verkefninu



## Efla fjölskylduna með markvissum stuðningi við foreldra í uppeldishlutverki

Áfram er stefnt að því að efla fyrsta stigs forvarnir í sveitarfélaginu meðal annars með því að bjóða foreldrum barna fræðslu í PMTO-aðferðinni samhliða fræðsluefni og kynningu á þeirri þjónustu sem PMTO-foreldrafærni býður upp á. Þetta á við um þá skóla sem hafa innleitt SMT skólafærni. Fræðsla á vegum skólanna er endurgjaldslaus fyrir foreldra þar sem farið er í verkfæri PMTO og SMT skólafærni. Halda þarf áfram að efla kennara í notkun á SMT skólafærni með aukinni fræðslu og námskeiðum.

- *Ábyrgðaraðilar:* Sviðstjórar fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

## Styðja markvisst við þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra á fyrri stigum

Mikilvægt er að vinna markvisst að samvinnu starfsmanna þeirra stofnana sem hafa með málefni barna og fjölskyldna að gera. Í byrjun ársins 2018 var hafin innleiðing á verklagi Brúarinnar þar sem áhersla er lögð á samþættingu og markvissa samvinnu milli fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs um að veita aukna þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra á fyrri stigum, í samvinnu við aðila í nærumhverfi barnanna. Skólaárið 2018-2019 voru þrjú starfsmenn ráðnir til þess að innleiða og þróa verklag Brúarinnar í samstarfi við starfsfólk þriggja grunnskóla og sjö leikskóla. Fjórtí starfsmaðurinn bættist við skólaárið 2019-2020 samhliða því að tvö skólahverfi bættust við. Áætlað er að allir leik- og grunnskólar í Hafnarfirði vinni eftir verklagi Brúarinnar. Þá er mikilvægt að Brúin verði kynnt fyrir foreldrum og starfsfólki þeirra leik- og grunnskóla sem taka þátt í verkefninu.

- *Ábyrgðaraðilar:* Sviðstjórar fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs og verkefnastjóri Brúarinnar.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

## Þróa samvinnu og markvissari vinnubrögð í málum barna sem krefjast þjónustu ýmissa sérhæfðra stofnana í málefnum barna og fjölskyldna

Auka og tryggja skilvirkni í vinnslu mála sem eru unnin í samvinnu við heilsugæslu og BUGL. Síðastliðin þrjú ár hafa verið reglulegir samráðsfundir á milli heilsugæslustöðvanna í sveitarfélaginu, BUGL, fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs, þar sem mál barna sem eiga við fjölþættan vanda að etja eru tekin fyrir. Mikilvægt er að halda áfram að þróa skilvirkni í eftirfylgd þessara mála og tengja vinnslu þeirra mála inn í þverfagleg teymi á vegum sveitarfélagsins. Með því er tryggt að þjónusta við börn og ungmenni með fjölþættan vanda sé sem skilvirkust.

- *Ábyrgðaraðilar:* Sviðstjórar fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

## Auka vitund þeirra sem starfa með börnum í frítíma þeirra um barnavernd

Tryggja þarf að þeir sem starfa með börnum í frítíma þeirra hafi kunnáttu til að tilkynna, vísa áfram og greina vísbendingar sem geta verið barnaverndarmál. Með fræðslu fyrir starfsmenn sveitafélagsins og félagasamtök er markmiðið að fækka alvarlegum barnaverndarmálum, fá sem fyrst tilkynningar inn til barnaverndar og auka almenna fræðslu um barnavernd.

Haldið verði úti fræðslu til starfsmanna sveitarfélagsins og félagasamtaka og viðhaldið forvörnum gegn kynferðisbrotum gegn börnum. Mikilvægt er að félagráðgjafar í barnavernd sinni fræðslunni til að auðvelda fólki við að leita sér upplýsinga og koma tilkynningum í réttan farveg. Þessi fræðsla þarf að koma með markvissum hætti inn til þeirra sem starfa með börnum í íþrótt- og tómstundastarfi og inn í leik- og grunnskóla á hverju hausti.

Mikilvægt er að leiðbeiningar verði aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins um meðferð barnaverndarmála sem á að gefa skynsamlegar, einfaldar og skýrar reglur fyrir aðila sem starfa með börnum í frítíma þeirra. Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar sitja námskeiðið „Verndari barna“ sem er fræðsla í forvörnum og viðbrögðum við kynferðisofbeldi gegn börnum. Fræðsla þarf að koma með markvissum hætti inn til þeirra sem starfa með börnum í íþrótt- og tómstundastarfi á hverju ári. Í vinnslu er að setja upplýsingahnapp á heimasíðu íþróttafélaga til að beina málum fyrir í réttan farveg. Í sérhverju íþróttafélagi hjá Hafnarfjarðarbæ er starfandi viðbragðsteymi og einnig eru starfandi fagráð sem taka til umfjöllunar mál sem tengjast börnum eða fólki með fötlun. Leiðbeinendum og stjórnendum íþróttafélaga er gert að sækja fræðslunámskeið sem haldin eru af Hafnarfjarðarbæ.

- *Ábyrgðaraðilar:* Íþrótt- og tómstundafulltrúi, þróunarfulltrúi grunnskóla og sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

### **Áfram verði unnið að því að efla starf Litla hóps**

Litli hópur er samstarfs- og upplýsingahópur barnaverndar, framhaldsskóla, heilsugæslu, ÍTH, lögreglu, forvarnafulltrúa og skóla. Viðfangsefni hópsins er málefni barna, unglunga og ungmenna í Hafnarfirði. Starfsemi hópsins hefur gefið mjög góða raun og þarf að viðhalda þessu samstarfs- og upplýsinganeti. Starfsemi hópsins hefur dregist saman og hefur hlutverk hans þróast í að vera upplýsandi. Þörf er á að endurskilgreina hópinn, hlutverk hans og hverjir eigi að sitja í hópnum.

- *Ábyrgðaraðili:* Íþrótt- og tómstundafulltrúi og sálfræðingur fjölskyldu- og barnamálasviðs.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

## Hópastarf fyrir börn og unglinga

Unnið er markvisst með hópastarf í félagsmiðstöðvum í grunnskólum Hafnarfjarðar. Mikilvægt er að styðja við og efla það starf enn frekar og gefa börnum og unglingum tækifæri á að hitta jafningja og rjúfa félagslega einangrun. Fagstjóri frístundastarfs heldur utan um fræðslu til frístundaheimila og þeirra sem leiða hópastarf þar. Ungmennahús fyrir ungmenni á aldrinum 16 - 25 ára var opnað í febrúar 2019. Hlutverk þess er að bjóða ungmennum fjölbreytt starf í vímulausu og öruggu umhverfi þar sem hægt verður að sinna lærdómi, áhugamálum og margvíslegu félagsstarfi. Að auki verður boðið upp á ráðgjöf fyrir þau ungmenni sem þess óska. Ungmennahúsið mun vera í stöðugri þróun og mótun af þeim hópi ungmenna sem það sækja ásamt starfsfólki hússins.

- *Ábyrgðaraðili:* Íþrótt- og tómstundafulltrúi og sálfræðingur fjölskyldu- og barnamálasviðs.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

## Fræðsla fyrir starfsmenn félagmiðstöðva

Starfsmenn félagsmiðstöðva skulu hafa tækifæri til að læra hvernig er að standa fyrir hópastarfi. Hópastarfinu er ætlað að mæta þörfum innan hvers skóla varðandi börn og unglinga sem finna sig ekki í hefðbundnu íþrótt- og tómstundastarfi. Hópastarfið fer fram í félagsmiðstöðvum. Kennarar og námsráðgjafar vísa einstaklingum í hópastarfið. Fræðsla til starfsfólks félagsmiðstöðva inniheldur gildi hópastarfs, samskipti, fjáraflanir, hópeflisleiki og annað sem eflir starfsmenn í starfi.

- *Ábyrgðaraðili:* : Íþrótt- og tómstundafulltrúi.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af daglegum rekstri félagsmiðstöðva og símenntunar
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

## Forvarnir gegn einelti

Mikilvægt er að skólasamfélagið hafi þekkingu á birtingarmynd eineltis og þekki viðbragðsáætlanir við því. Efla þarf og styðja við grunn- og leikskólana í Hafnarfirði er varðar fræðslu gegn einelti og þ.m.t. neteinelti. Áhersla verði lögð á forvarnir með aukinni fræðslu og tækifærum í að þjálfva nemendur í félagsfærni og samskiptafærni. Fræðslu til kennara og nemenda verði haldið áfram með markvissum hætti og þar verði áhersla lögð á að fá fræðslu sem byggir á faglegum grunni. Sérstaklega er mikilvægt að efla fræðslu til starfsmanna, foreldra og barna í leik- og grunnskólum um neteinelti, birtingarmynd og afleiðingar þess. Þá þarf að fá fleiri aðila sem sinna íþrótt- og tómstundastarfi til að taka saman höndum í baráttunni gegn einelti. Mikilvægt er að nota viðurkenndar eða gagnreyndar aðferðir í baráttunni. Skólapúlsinn veitir upplýsingar um líðan barna í skólum bæjarins sem leggja þarf áherslu á að nýta í vinnu gegn einelti.

- *Ábyrgðaraðili:* Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs, skólastjórar, foreldrafélög og nemendaráð grunnskóla og ÍBH.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

## Líðan barna og ungmenna

Fjölmörg forvarnar- og fræðsluverkefni eru í skólum. Mikilvægt að er að standa vörð um að slík fræðsla sé byggð á viðurkenndum aðferðum og af faglegum toga þar sem börnum og ungmennum eru kenndar leiðir til að takast á við kvíða, leiða eða aðrar áskoranir. Áskoranir sem börn mæta í nútíma samfélagi eru flókna og margvíslegar og þurfa forvarnir að geta tekið mið af því hvað brennur á hverju sinni. Einnig þarf að mæta þeim hópi barna og fjölskyldna þeirra með stuðningi sem þurfa sérstaklega á aðstoð að halda vegna kvíða og efla samvinnu við heilsugæslu þar um. Ungmennahús hefur gert samning við ráðgjafafyrirtæki um að sinna sálfræðiþjónustu fyrir ungmenni á aldrinum 16 - 25 ára. Verkefnið er tilraunaverkefni til tveggja ára.

Hafnarfjarðarbær hefur sett íþróttafélögum Hafnarfjarðar þær skorður að framlög til félaganna verið skert uppfylli þau ekki ákvæði um að starfsfólk íþróttafélaganna sinni fræðslu "Verndari barna".

- *Ábyrgðaraðili:* Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs, skólastjórar, foreldrafélög og nemendaráð grunnskóla og ÍBH.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

## Efla leik- og grunnskóla við að skapa úrræði og koma til móts við börn með hegðunar-, tilfinningalega og/eða námserfiðleika

Miðla þarf reynslu og þekkingu inn í leik- og grunnskóla og styðja skólana til þess að vinna að úrlausn barna með fjölbætta erfiðleika. Gefa þarf börnum færi á að vaxa og dafna innan síns skólaumhverfis. Viðhalda þarf faglegum markvissum aðgerðum m.a. með PMTO og SMT í leik- og grunnskólum, sem sérstaklega lúta að börnum með hegðunarerfiðleika ásamt öðrum úrræðum. Mæta þarf einstaklingum með einstaklingsmiðuðum námsmarkmiðum og viðurkenndum inngripum hvort sem um er að ræða einstakling með þroskafrávik, hegðunar-, tilfinningalega og/eða námserfiðleika.

- *Ábyrgðaraðili:* Sviðstjóri mennta- og lýðheilsusviðs.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

## Samráð og bætt þjónusta við innflytjendur

Huga þarf sérstaklega að málefnum innflytjenda og barna þeirra. Tryggja þarf að þjónusta sé við hæfi og tryggi að vitneskja sé hjá innflytjendum um réttindi og skyldur þeirra. Efldur verði samstarfshópur aðila sem tengjast málefnum innflytjenda sem hafi það að markmiði að samræma þjónustu Hafnarfjarðar og tryggi börnum og fjölskyldum þeirra góða þjónustu og aðgengi að upplýsingum.

Leggja þarf áherslu á að leikskólar starfi eftir móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna, börn sem hafa íslensku sem annað mál og hafa ekki kunnáttu í íslensku við komuna í leikskólann. Til viðbótar móttökuáætlun grunnskóla verður frá hausti 2019 lagt stöðumat, að sænskri fyrirmynd, fyrir alla erlenda nemendur sem byrja skólagöngu í grunnskólum Hafnarfjarðar. Stöðumatinu er ætlað að kanna og meta fyrri þekkingu og reynslu nemenda og verður lagt til grundvallar við skipulagningu náms, kennslu og aðlögunar. Þörf er á að hvetja til stuðnings við aðlögun nemenda af erlendum uppruna í íslenskt samfélag með aðkomu skólanna, nærsamfélags og Rauða krossins. Kennslufulltrúi

fjölmenningar sinnir fræðslu til leik- og grunnskóla og styður við nemendur og fjölskyldur þeirra í þeim málefnum sem snúa að skólasamfélaginu með það að markmiði að nemendur geti tileinkað sér nám og færni í samræmi við aldur og getu. Skoða þarf hvernig gengið hefur í grunnskólum Hafnarfjarðar að taka á móti börnum af erlendum uppruna og hvernig þeim hefur gengið að aðlagast.

- *Ábyrgðaraðilar:* Sviðsstjórar fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs, móttökudeild fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

### **Stoðdeild í málefnum hælisleitenda og flóttafólks**

Stoðdeild í málefnum hælisleitenda og flóttafólks varð til þann 1. janúar 2019. Er deildinni ætlað að sérhæfa sig í málum sem snúa að þessum viðkvæma málaflokki. Skal þar leitast við að styðja og styrkja þau börn sem eru og hafa verið á flótta vegna aðstæðna í heimalandi sínu. Nýlega skrifaði Hafnarfjarðarbær undir samkomulag við UNICEF um barnvænt samfélag og er sjónum sérstaklega beint að þeim börnum sem eru á flótta. Sérstakt þróunarverkefni mun verða leitt af deildinni í samhengi við samkomulagið sem snýr að stuðningi og bættum aðstæðum fylgdarlausra barna. Áætlað er að verkefnið taki tvö ár og að því loknu verði til verklag og úrræði sem nýtast fylgdarlausum ungmennum. Er þar litið til menntunar og fræðslu um íslenskt samfélag, eigin umhirðu og næringu ásamt fleiri þátta sem eiga að aðstoða þau við að aðlagast sem best íslensku samfélagi og ná árangri í skóla eða vinnu. Deildin vinnur einnig með hinum ýmsu samstarfsaðilum að bættum hag þeirra flóttabarna sem búa við erfiðar aðstæður og óvissu.

- *Ábyrgðaraðilar:* Sviðsstjórar fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

### **Hinsegin fræðsla í grunnskólum bæjarins**

Tryggja þarf að fræðslu til starfsfólks skóla og nemenda um hinsegin málefni til aukins umburðarlyndis og forvarnir ofbeldis á grunni almennra mannréttinda sé viðhaldið og að samskipti og samstarf milli samtakanna '78 og fræðsluyfirvalda í Hafnarfirði séu virk og hafi upplýsandi gildi.

- *Ábyrgðaraðilar:* Þróunarfulltrúi grunnskóla.
- *Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri fræðslu- og frístundapjónustu
- *Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Þjónusta keypt af Samtökum 78

## Samstarf á milli sveitarfélaga um úrræði

Auka á samstarf milli sveitarfélaga um úrræði og deila þekkingu til að ná auknu framboði í úrræðum og auka hagræðingu. Samstarf við nærliggjandi sveitarfélög er þegar hafið í málefnum í tengslum við barnavernd hvað varðar bakvaktir barnaverndar og heimilisofbeldismál. Sálfræðingar Hafnarfjarðar og Kópavogs meta sameiginlega álag á umrædda starfsmenn.

- **Ábyrgðaraðili:** Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs og deildarstjóri barnaverndar.
- **Áætlaður kostnaður:** Hluti af áætluðum rekstri stofnana
- **Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:** Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna

## Sameiginlegur rekstur vistheimilis fyrir börn

Mikilvægt er að unnið verði markvisst að áætlun varðandi greiningar- og vistheimili fyrir börn annarsvegar og unglunga hins vegar. Slík vistheimili eru mikilvægt úrræði og leggja grunn að faglegri aðkomu barnaverndar þegar um er að ræða alvarlegar aðstæður barna, þeim til verndar til skemmri tíma og til að hægt sé að leggja mat á hæfni forsjáraðila meðan á vistun stendur. Slík heimili þurfa að geta tekið á móti börnum einum og að möguleiki sé á vistun foreldris og barns saman þegar þörf er á að skoða samspil fjölskyldunnar. Fyrirmynd að slíku úrræði er til staðar hjá Reykjavíkurborg og er vert að skoða hvort hægt sé að koma að rekstri slíks úrræðis með nærliggjandi sveitarfélögum.

- **Ábyrgðaraðili:** Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs og deildarstjóri barnaverndar.
- **Áætlaður kostnaður:** Hluti af áætluðum rekstri stofnana

# Samstarfsleiðir

Verkefnaáætlunin sýnir vilja til að ná auknum árangri í barnavernd og forvörnum. Ljóst má vera að fjölskyldu- og barnamálasvið eitt og sér nær takmörkuðum auknum árangri. Lykillinn að fækkun alvarlegra barnaverndarmála er aukin samvinna og upplýsingagjöf til stofnana, starfsfólks og bæjarbúa. Starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar mun því:

- Skapa barnavernd jákvæða ímynd meðal bæjarbúa með vönduðu starfi, fræðslu og upplýsingum. Mikilvægt er að efla skilning bæjarbúa á mikilvægi barnaverndar með reglulegri fræðslu og kynningum í skóla, leikskóla, heilsugæslu, hjá dagforeldrum og íþróttafélögum og þeim sem bjóða uppá skipulagða starfsemi fyrir börn og unglunga. Einnig verður lögð áhersla á fræðslu og kynningar til foreldrafélaga, skóla og leikskóla. Tryggja þarf að þeir sem starfa með börnum í frítíma þeirra hafi kunnáttu til að tilkynna, vísa áfram og greina vísbendingar sem geta verið barnaverndarmál.
- Vinna áfram að samstarfi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Hafnarfjarðarbæjar með það að markmiði að auka velferð barna og unglunga með fyrirbyggjandi aðgerðum.
- Efla fjölskyldur með markvissum stuðningi við foreldra og styðja við þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra á fyrri stigum með því m.a. að efla fyrsta stigs forvarnir í sveitarfélaginu og vinna markvisst að samvinnu starfsmanna þeirra stofnana sem hafa með málefni barna og fjölskyldna að gera. Í byrjun ársins 2018 var hafin innleiðing á verklagi Brúarinnar þar sem áhersla er lögð á samþættingu og markvissa samvinnu milli fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs um að veita aukna þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra á fyrri stigum, í samvinnu við aðila í nærumhverfi barnanna. Áætlað er að verklag Brúarinnar nái til allra leik- og grunnskóla í Hafnarfirði.
- Auka úrræði í barnavernd og gera þau aðgengilegri með sameiginlegu átaki barnaverndar, skóla og heilsugæslu. Hugmyndin er að samnýta mannauð viðkomandi stofnana sem allra best. Áhersla verði á lausnamiðaða hugsun og starf sem næst daglegum vettvangi barnsins. Þessi hugsun krefst breiðrar samstöðu í forvörnum og vinnslu mála. Þróa þarf samvinnu og markvissari vinnubrögð í málum barna sem krefjast þjónustu ýmissa sérhæfðra stofnana í málefnum barna og fjölskyldna. Auka og tryggja skilvirkni í vinnslu mála sem eru unnin í samvinnu við heilsugæslu og BUGL.
- Efla samvinnu og samstarf á milli fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs til þess að bæta þjónustu og auka skilvirkni í málum barna og fjölskyldna þeirra.